

Dagskrá Íslenska safnadagsins sunnudaginn 13. júlí 2014

Vesturland og Vestfirðir

Safnahús Borgarfjarðar

Bjarnarbraut 4-6, 310 Borgarnesi. S: 4307200 www.safnahus.is
safnahus@safnahus.is

Sýningar opnar og ókeypis inn:

Ævintýri fuglanna

Sýning þar sem fuglar í náttúru Íslands eru sýndir í mögnuðu umhverfi. Lögð er áhersla á þau miklu afrek sem fuglar vinna með farflugi sínu.

Börn í 100 ár

Saga Íslands á 20. öld: gestir opna veggj sýningarinnar eins og jóladagatal og uppgötva fjársjóði tímans. Ljósmyndir í megin hlutverki.

Minningarsýning um Guðmund Böðvarsson.

Byggðarsafn Dalamanna

Laugar Sælingsdal, 371 Búðardalur. S: 434-1328/430-4700 www.dalir.is
safnamal@dalir.is

Byggðasafn Dalamanna er staðsett í kjallara Laugaskóla, næst íþróttahúsinu.

Á safninu er fjölbreytni í hávegum höfð og til sýnis eru allt frá saumnál til baðstofu. Flestir sýningar safnsins tengjast daglegu lífi Dalamanna frá tímum gamla sveitasamfélagsins, en einnig má finna yngri muni. Áhersla er lögð á handverk og hugvit hverskonar og þá þætti sem hafa einkennt mannlíf og lifnaðarhætti í héraðinu.

Opnunartímar 1. júní – 31. ágúst kl. 13-18, utan þess tíma er opið eftir samkomulagi við safnvörð.

Farið er fram á að aðgangseyri, en gestir ákvarða hversu mikið þeir vilja borga.

Byggðasafnið Görðum

Byggðasafnið Görðum, Akranesi. Safnasvæðið Akranesi. S: 431-5566 www.museum.is
<https://www.facebook.com/MuseumCentre?fref=ts>

Opið frá kl. 10 – 17 alla daga

Á íslenska safnadaginn sunnudaginn 13. júlí er ókeypis aðgangur að sýningum Byggðasafnsins Görðum, Akranesi.

Yfirlitssýning hinnar ungu og efnilegu listakonu Helenu Reynis í sýningarsal Safnaskálans að Görðum mun standa til 31.júlí.

Sjá nánar um sýningu á <https://www.facebook.com/helenareynisart>

Landbúnaðarsafn Íslands

Hvanneyri, Borgarfirði. S: 844 7740 www.landbunadarsafn.is
bjarnig@lbhi.is

Opið frá 12-18


Landbúnaðarsafn Íslands er byggt á grunni Búvélasafnsins sem starfað hafði á Hvanneyri um langt árabil. Landbúnaðarsafn Íslands leggur sérstaka áherslu á sögu landbúnaðarins frá byrjun tæknialdar í landbúnaði með rannsóknum sem og almennri kynningu á sögu hans og stöðu og hvers konar miðlun hennar, ýmist eitt sér eða í samvinnu við aðila sem til hennar eru fúsir.

Dagskrá í tilefni íslenska safnadagsins verður á Hvanneyri laugardaginn 12. júlí

Landbúnaðarsafn Íslands er opið kl. 12-17. Ókeypis aðgangur

Heimsókn fornbíla úr Samgöngusafninu í Borgarnesi

Eigendur forndráttarvéla velkomnir með gripi sína:
Gömul vél er gleði manns



125 ára starfsafmælis Hvanneyrarskóla er minnst.

Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Hafnargötu 5, 340 Stykkishólmi. S:433 - 8114 www.norskahusid.is
www.facebook.com/NORSKAhusid.BSH

Nánari upplýsingar Hjördís Pálsdóttir, safnstjóri S: 865 - 4516
hjordis@norskahusid.is

Opið frá 12-17

Aðgangseyrir ókeypis

Norska húsið, Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

er fyrsta tvílyfta íbúðarhús á Íslandi. Það var byggt úr tilsniðnum viði frá Noregi árið 1832 og er því rúmlega 180 ára gamalt. Í safninu er fastasýning á heimili Árna Ó. Thorlacius (1802–1891) kaupmanns og veðurathugnarmanns og Önnu Magdalenu Steenback (1807–1894) eins og talið er að það hafi verið á seinni hluta 19. aldar. Í risi er opin safngeymsla með munum frá öllu Snæfellsnesi. Á fyrstu hæð eru breytilegar sýningar í Mjólkurstofu og Eldhúsi sem tengjast listum, menningu og/eða sögu svæðisins og safnbúð í krambúðarstíl.

Pixlaður tími – sjónrænt samtal við fortíðina 31.maí – 31. ágúst

Sumarsýning Norska hússins nefnist *Pixlaður tími – sjónrænt samtal við fortíðina*. Á henni sýna þeir Birgir Snæbjörn Birgisson, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Helgi Þorgils Friðjónsson í sýningarrýmnum Mjólkurstofu og Eldhúsi á fyrstu hæð safnsins. Efniviður sýningarinnar er safnkostur byggðasafnsins, Norska húsið og geymslur þess.

Skotthúfan 2014

Helgina 11. - 13. júlí verður haldin þjóðbúningahátíð í Stykkishólmi sem nefnist *Skotthúfan 2014*. Tónlistarmenn líta meðal annars við í Norska húsið og taka lagið, Guðrún Bjarnadóttir frá Ullarselinu verður á staðnum og kynnir jurtalitað íslenskt garn og Hörður Geirsson sýnir ljósmyndataekni fyrri tíma. Einnig verður skotthúfukeppni, en það er samkeppni um flottustu og frumlegustu skotthúfuna. Tilefnið er að búa til glaðlega, notadrjúga, fallega, skrítna og/eða skemmtilega húfu. Húfan þarf að vera handprjónuð eða heklúð í grunninn en notkun á öðrum efnum til skrauts er leyfð. Húfan getur verið í hvaða stærð sem keppandi óskar, fyrir börn, konur eða karla. Allir geta tekið þátt og þarf að skila húfunni í Norska húsið - BSH fyrir 8. júlí.

Glæsileg verðlaun verða veitt við upphaf Skotthúfunar í gömlu kirkjunni í Stykkishólmi, fyrir flottustu og frumlegustu húfuna.

Ýmislegt annað verður um að vera þessa helgi í Stykkishólmi og má þar nefna þjóðdansa, tónleika, Heimilisiðnaðarfélagið verður með pop-up verslun, langsspilssmiðja og ýmislegt fleira.

Verið velkomin

Hrafnseyri Safn Jóns Sigurðssonar

Hrafnseyri við Arnarfjörð. S: 845 5518 www.hrafnseyri.is
hrafnseyri@hrafnseyri.is

Opið frá 11-18

Aðgangur er ókeypis í tilefni íslenska safnadagsins 13. júlí

Minjasafn Egils Ólafssonar

Hnjóti, 451 Patreksfirði. S: 456 1511 www.hnjotur.is
museum@hnjotur.is

Opið frá 10-18

Aðgangur ókeypis.

kl. 14 Messa í Sauðlauksdalskirkju.

kl. 15 Kaffi á Minjasafninu.



Safnadagurinn í ár á Minjasafninu að Hnjóti verður tileinkaður Þjóðbúningnum.

Félag úr Þjóðbúningafélaginu Auði, mæta í Þjóðbúningum og eru allir hvattir til þess að mæta í Þjóðbúning.